

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, föstudaginn 23. janúar kl. 11:15 var haldinn 103. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir og Gunnar Sigurðsson.

Ennfremur sat fundinn forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Stefnumótun stjórnar.

Á fundinn komu Kristinn Hjálmarsson, Einar Svansson og dr. Eyþór Ívar Jónsson frá Par-X viðskiptaráðgjöf og dr. Runólfur Smári Steinþórsson og gerðu grein fyrir tilhögun stefnumótunarvinnu stjórnar.

Björn Bjarki Þorsteinsson tók sæti á fundinum kl. 11:45.

2. Lögð fram til kynningar tillaga forstjóra, dags. 21. janúar 2009 um verðbætur óverðtryggðra verksamninga ásamt greinargerð.

Jórunn Frímansdóttir tók sæti á fundinum kl. 12:20.

3. Málefni HS.

Lagt fram erindi LEX lögmannsstofu til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála dags. 20. janúar 2009.

Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra fjármála, dags. 21. janúar 2009, þar sem óskað er heimildar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur til að ganga til samninga við Arctica Finance ehf. og Artica Law ehf. um að aðstoða við sölu á eignarhlut OR í HS Orku sbr. drög að samningi þar um.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir leggja til að afgreiðslu verði frestað. Frestunartillaga felld með 4 atkvæðum gegn 2.

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir sitja hjá.

4. Málefni ENEX ehf. sbr. 1. lið framlagðrar fundargerðar stjórnar Reykjavík Energy Invest 13. janúar 2009.

Stjórn staðfestir afgreiðslu stjórnar REI.

Bókun stjórnar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fagnar því að sátt hefur skapast um ráðstöfun verkefna ENEX. Með því er skotið styrkari stoðum undir rekstur verkefna REI með þeim áherslum sem eigendur og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafa lagt.

5. Orkuforði jarðhitasvæða og nýting hans.
Framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu flutti kynningu um efnið. Ákveðið að nánari kynning verði fyrir stjórn og varastjórn.
6. Sumarvinna skólafólks.
Ákveðið að umfang sumarvinnu skólafólks hjá Orkuveitunni verði svipað árið 2009 og fyrri ár.
7. Lagðar fram eftirfarandi fundargerðir:
 - Stjórnar Reykjavík Energy Invest 31. október, 6. nóvember, 11. nóvember, 27. nóvember, 3. desember, 5. desember, 23. desember, 13. janúar 2009
 - Stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur 6. október, 11. nóvember, 13. nóvember, 5. desember.
 - Stjórnar Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 11. desember.
 - Stjórnar Uppgræðslusjóðs Ölfuss 29. október, 12. nóvember.
8. Önnur mál.

Sigrún Elsa Smáradóttir flutti svohljóðandi tillögu:

Stjórn OR samþykkir að skipaður verði starfshópur, sem falið verður að fara yfir þá kosti sem mögulegir eru í raforkusölu til stórnotenda annarra en álvera.

Frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:00.

Guðlaugur G. Sverrisson,
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson, Jórunn Frímannsdóttir, Kjartan Magnússon,
Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.